

Umhyggja, virðing, metnaður, gleði

Leikskólinn Álfaborg



ÁRSSKÝRSLA 2025-2026

Efnisyfirlit

Skólafestefna Svalbarðsstrandahrepps.....	1
Uppbyggingarstefna – Uppeldi til ábyrgðar.....	1
Skólaárið 2025-2026	1
Stjórnendateymi og samráðsfundir.....	1
Breytingar eftir sumarfrislökun.....	2
Samskiptasáttmáli.....	2
Bæklingagerð.....	3
Tónlistarskólinn.....	3
Breytingar á Karellen.....	3
Sumarlokun leikskólans.....	3
Álfaborg - Tölulegar upplýsingar.....	4
Barnahópurinn.....	4
Mannauður.....	4
Sérkennsla/stoðþjónusta.....	4
Löjubjálfun og tengiliður farsældar.....	5
Ræsting.....	6
Fáliðunar stefna leikskólans.....	6
Viðmið vegna lágmarksmönnunar í Álfaborg.....	6
SSSS.....	6
Nýbygging Álfaborgar.....	7
Mat á skólastarfi.....	7
Mat á innra starfi.....	7
Sjálfsmöt.....	7
Mat starfsmanna á samverustundum.....	8
Talningablað hópatíma.....	8
Undirbúnings skráning.....	8
Starfsmannaviðtöl.....	8
Foreldrasamtöl.....	9

Skólapúlsinn.....	9
Verkátun.....	11
Starfsátun skólaársins 2025-2026.....	11
Skóladagatal.....	11
Helstu alþjóðlegu viðburðir.....	12
Þróunarstarf og Símenntun.....	13
Foreldrasamstarf.....	14
Fyrsta viðtal.....	14
Kynningarfundur fyrir foreldra.....	14
Foreldrasamtöl.....	15
Foreldrafélag.....	15
Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2025-2026.....	15
Samstarf leik- og grunnskóla.....	15
Nefndir um málefni Álfaborgar og Valsárskóla.....	16
Skólanefnd.....	16
Fulltrúar skólanefndar.....	16
Skólaráð.....	17
Fulltrúar skólaráðs.....	17
Öryggisnefnd.....	18
Verkefni öryggisnefndar.....	18
Rýmingaræfing.....	18
Fulltrúar öryggisnefndar.....	18
Húsnæði.....	18
Lokaorð.....	19

Skólaftefna Svalbarðsstrandarhrepps - Álfaborgar

Skólaftefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hvor skóli býr til sína eigin skólanámskrá þar sem allir starfsmenn koma að vinnunni. Haustið 2024 var ný skólanámskrá búin til en hún er lifandi plagg sem verður áfram í stöðugri þróun. Skólanámskrá Álfaborgar byggir á stefnu sveitarfélagsins, Barnasáttmálanum, Aðalnámskrá leikskóla og grunnpáttum menntunar, lögum um leikskóla og reglugerðum þar að lútandi. Auk þess er sameiginleg stefna leik- og grunnskólans sem byggir á Uppbyggingarstefnunni og Uppeldi til ábyrgðar höfð til hliðsjónar.

Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar

„Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga“ er stefna sem felur í sér að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistökum sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta- og agamálum. Nánari upplýsingar um uppbyggingarstefnuna má finna á síðunni: <https://uppbygging.is/>

Skólaárið 2025-2026

Stjórnendateymi og samráðsfundir

Stjórnendateymi skólanna samanstendur af skólastjórum Valsárskóla og leikskólans Álfaborgar ásamt sveitarstjóra. Þær funduðu einu sinni í viku allan veturinn.

Stjórnendateymi Álfaborgar samanstendur af leikskólastjóra og þrem deildarstjórum, sérkennara og iðjupjálfa.

Stjórnendateymi leikskólans fundaði 1x í viku á skólatíma eða alla fimmtudaga 8:15-09:00. Síðasta fimmtudag í mánuði komu sérkennari og iðjupjálfi á fundina.

Deildarfundir, 30-45 mínútur, voru vikulega á skólatíma eða í útiveru nemanda. Rjóður og Kvistur skiptust á að leysa hvor aðra af fyrir þessa fundi. Allir starfsmenn deildar eiga þar sæti og eru þeir aðra hverja viku fyrir hverja deild. Starfsmannafundir voru að jafnaði þrjár á misseri eftir skólatíma, kl.16:00-18:00.

Breytingar eftir sumarfríslokun.

Tekin var sú ákvörðun sumarið 2025 að gera skólann að þriggja deilda skóla með þrem deildarstjórum og að hver og ein deild væri sjálfbær. Það þýðir að á hverri deild urðu fleiri stöðugildi kennara til að leysa af veikindi og undirbúning. Með því að gera þetta svona þurfti ekki að ráða inn undirbúnings- og veikinda afleysingu. Mikil áhersla var lögð á að ráða inn sérkennara í skólann þar sem um 15 börn af 34 þurfa á einhvers konar örvun að halda. Við fengum það samþykkt hjá skólanefnd og með því ætlum við að gera okkar sérkennslu hnitmiðaða, árangursríkari, metnaðarfullri og að góð yfirsýn sé yfir þau mál sem fara í vinnslu. Sérkennari og tengiliður farsældar vinna vel saman með það markmið að gera einstaklingana sterkari en þeir eru.

Ánægja var með breytingar á mönnun en þegar leið á haustið fóru að detta inn veikindi, bæði langtíma og styttri og þá virkaði planið ekki 100%. Deildir unnu saman og fundu lausnir með jákvæðni og samvinnu starfsfólks. Umræður um lausnir og skipulag hefur verið rætt og hvað og hvernig hægt sé að gera betur í þessum efnum. Það er í vinnslu og verður klárt fyrir næsta skólaár. Ráðning sérkennara hefur gjörbreytt skólastarfinu hjá okkur og er öll vinna sem þar fer fram að skila sér. Sérkennari vinnur mikið með iðjubjálfa og sérkennsluteymi í Valsárskóla og er sú samvinna í alla staði frábær og góð. Börnin okkar sem þurfa á stoðþjónustu að halda eru með betra utanumhald og markvissari verkefni sem unnið er með þeim.

Samskiptasáttmáli

Haustið 2025 ákvað leikskólastjóri að unnin yrði samskiptasáttmáli af öllu starfsfólki með utanaðkomandi aðstoð. Við unnum hann í nokkrum hollum á skólaárinu, þ.e. frá því byrjað var á honum og hann fullkláraður. Við fundum okkur gildi til að vinna út frá og það kom ekkert annað til greina en að nýta gildi skólanna. Sáttmálinn verður sýnilegur á hverri deild og fylgir hann starfsmannahandbók og er til undirritunar af öllu starfsfólki. Það eru hugmyndir um að nýta sáttmálann í okkar daglega starfi og vinna með hvert gildi einn mánuð í senn, september - mars að desember undanskildum. Mögulega yrði apríl mánuður nýttur sem upprifjun allra gildanna. Hugmyndir um að koma gildunum inn hjá börnunum í gegnum leik og fræðslu voru rædd og allir jákvæðir gagnvart þeim hugmyndum. Stefnan er að byrja að vinna eftir þessu skólaárið 2026-2027.

Bæklingagerð

Leik-, grunnskólastjóri og tengiliður farsældar ákváðu að búa til bækling fyrir öll skólastig í svetafélaginu. Einn bækling sem barn fær þegar það byrjar í leikskólanum, annan bækling þegar það byrjar í 1.bekk Valsárskóla, svo 4. bekk og loks 8.bekk. Innihald bæklinganna verða upplýsingar um stefnu, gildi og farsæld svo eitthvað sé nefnt en svo verður hver bæklingur miðaður út frá hverju skólastigi fyrir sig. Mjög skemmtilegt verkefni og erum við spennt að sjá lokaútkomuna á þeim. Við stefnum á að byrja að nota þá haustið 2026 en það hefur ekki verið tekið ákvörðun hvort að öll skólastig fá bækling þá eða eingöngu leikskólastig og 1.bekkur. Þetta er í vinnslu enn og markmiðið er að leggja áherslu á að klára leikskólabækling og annað er bónus ef það gengur upp.

Tónlistarskólinn

Tónlistarskóli Akureyrar hafði samband við okkur og fór í gang skemmtilegt verkefni með þeim. Kennari frá þeim kom einu sinni í viku með skemmtilega og fjölbreytta tónlist fyrir öll börn skólans. Kennarinn kynnti hin ýmsu hljóðfæri fyrir börnunum sem og að syngja og fara í leiki. Skemmtilegir tímar sem börnin elska að fara í og hafa þau lært mikið af þessum tímum á skólaárinu,

Breytingar á Karellen

Karellen, upplýsinga og samskipta forrit sem leikskólinn hefur nýtt sér hefur tekið þá ákvörðun að hætta. Leikskólinn hóf í mars s.l. innleiðingu á nýju appi sem heitir Vala. Sú innleiðing tekur einhverjar vikur og byrjar leikskólastjóri á að fá kynningu, svo bætast deildarstjórar við og því næst starfsfólk. Appið verður tekið í notkun í maí/júní.

Sumarlokun Álfaborgar

Allt þar til sumarið 2020 var skólinn lokaður í 4-5 vikur um miðbik sumars en nú hafa verið gerðar tvenns konar „prufur“ á öðru fyrirkomulagi. Sumarið 2020 var skólinn lokaður í tvær vikur, en sumarið 2021 var skólanum ekkert lokað yfir sumarið. Sumarið 2022 var ákveðið að loka leikskólanum í fjórar vikur en bjóða jafnframt upp á daggæslu þessar sömu vikur. Engin óskaði eftir því, svo engin starfsemi var í Álfaborg þessar vikur. Tekin var ákvörðun á skólanefndarfundum þann 8.október 2025 að lengja sumarlokun Álfaborgar um eina viku. Eftir góðar, langar og uppbyggilegar samræður var það ákveðið með fullu húsi atkvæða.

Í ár verður leikskólinn lokaður í fimm vikur, frá og með 6.júlí til og með 7.ágúst

Álfaborg – tölulegar upplýsingar

Barnahópurinn

Þegar Álfaborg opnaði aftur eftir sumarfrí þriðjudaginn 5. ágúst 2025 voru 4 ný börn aðlöguð á Hreiður. Til baka komu 6 börn sem voru fyrir sumarfrí en 2 af þeim hættu í endan ágúst. Það þýðir að 10 börn voru á Hreiðri út ágúst mánuð en frá 1. september voru 8 börn með 3 starfsmenn.

Rjóður fékk til sín 3 börn af Hreiðri í vor sem þýðir að eftir sumarfrí voru 11 börn á deildinni með tvo kennara í 100% stöðu og einn kennara í 80% stöðu.

Kvistur útskrifaði 10 Krumma og fékk 8 börn frá Rjóðri eftir sumarfrí en 2 af þeim hættu í lok ágúst. Barnafjöldi á Kvist varð því 15 börn í byrjun september með 3 starfsmenn. Um miðjan september var ráðin inn 50% stuðningur fyrir deildina og urðu starfsmenn því 4 í 3 mismunandi stöðugildum.

Mannauður

Leikskólinn Álfaborg uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 um að 2/3 hlutar starfsfólks miðað við stöðugildi hafi leyfisbréf kennara.

Við nálgumst þó þessa tölu því í september réðum við inn sérkennara með grunnskólapróf og leyfisbréf.

Við byrjuðum haustið frekar fátæk á starfsfólki en ásamt því að ráða sérkennara réðum við einnig leiðbeinanda til okkar. Þessi ráðning fullkomnaði hópinn okkar og við fórum vel stödd inn í veturinn.

Það voru því 14 starfsmenn sem hófu veturinn í Álfaborg. Leikskólastjóri, 3 deildarstjórar, 1 sérkennari, 1 iðjupjálfi og tengiliður farsældar, 1 starfsmaður í móttökueldhúsi, 7 leiðbeinendur og einn starfsmaður í veikindaleyfi.

Í desember 2025 urðu smávægilegar breytingar á starfsfólki. Einn starfsmaður fór í 75% veikindaleyfi og ráðin var inn leiðbeinandi fyrir hana í 100% stöðu. Um áramót fórum við fullmönnuð inn í nýtt ár og allt eins og það á að vera. Álfaborg og Valsárskóli deila matráð og aðstoðarkonu hans og svo er einn starfsmaður í móttökueldhúsi í Álfaborg.

Sérkennsla/stoðþjónusta

Leikskólanum ber að taka tillit til þarfa hvers og eins barns svo það fái notið bernsku sinnar og skóladvalar. Taka þarf sérstakt tillit til barna sem glíma við tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika.

Foreldrar sem óskuðu eftir sértæku úrræði eða greiningu fyrir börn sín nutu

stuðnings sérkennara, tengilið farsældar og sérkennsluráðgjafa (frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar) með útfyllingu á beiðni og sá sérkennari og/eða tengiliður farsældar um að fylla út og fylgja eftir slíkum beiðnum í samráði við foreldra. Talmeinafræðingur kom í Álfaborg að jafnaði einu sinni í mánuði og sinnti þeim börnum sem þurftu málproskagreiningu eða þjálfun.

Nýja kerfið okkar sem tók gildi haustið 2025, með sérkennara í 50% stöðu hefur reynst bæði skólanum og börnunum vel. Framfarir, yfirsýn og utanumhald er gott og er starfsfólk og foreldrar ánæggt með þá vinnu sem fer fram hjá sérkenna.

Iðjupjálfun og tengiliður farsældar

Starf iðjupjálfa hefur nýst vel fyrir nemendur Álfaborgar t.d. með vinnu í félagsfærni einstaka nemenda og hópa. Hlutverk iðjupjálfa í leikskóla má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi að vinna með nemanda að áhugahvöt þess og virkja áhuga og færni sem snúa að námi, vinum og leik. Í öðru lagi að vinna að markmiðum námskrár þ.e. athöfnum, efni og kennsluáðferðum. Í þriðja lagi að skoða umhverfi og aðstæður. Viðfangsefni iðjupjálfa og tengilið farsældar hafa verið fjölbætt og sem dæmi hefur hún verið að efla skólafærni og þátttöku nemenda og sinna ráðgjöf til kennara og annars skólafólks.

Tengiliður farsældar er starf síðan haustið 2023 í sveitarfélaginu og er því hlutverki sinnt bæði í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Tengiliður starfar í þágu farsældar barna samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru 2021. Öll börn og foreldrar eiga rétt á greiðu aðgengi að tengilið farsældar í nærumhverfi sínu til að fá þá aðstoð sem við á til að tryggja farsæld barns. Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Ef það á ekki við er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem barn á lögheimili. Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns. Hann má ekki vera tengdur barni eða foreldrum þess með þeim hætti sem myndi leiða til vanhæfis.

Tengiliður farsældar er:

- starfsmaður í nærþjónustu / grunnþjónustu barns og fjölskyldu þess.

- sá aðili sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- sá sem veitir fjölskyldunni upplýsingar um þjónustu, tryggir aðgang að frummati, styður við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda og fylgir málum eftir á 2. og 3. stig ef þörf er á.

Meira er hægt að lesa um tengilið á slóðinni:

<https://www.bofs.is/farsaeld/tengilidir/>

Ræsting

Ræsting á húsnæði Álfaborgar var í höndum verktaka með miklum ágætum. Við deilum með Valsárskóla umsjónarmanni fasteigna sem sér um allt viðhald og hafa hlutina eins og þeir eiga að vera.

Fáliðunarstefna leikskólans

Viðmið vegna lágmarksmönnunar í Álfaborg

Markmið með fáliðunarstefnu er að tryggja öryggi barna og starfsmanna vegna manneklu. Ef upp koma þær aðstæður í leikskólanum vegna fáliðunar að stjórnendur telji öryggi þeirra sé ekki tryggt, er haft samband við foreldra.

Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:

- 1 árs - 4 börn
- 2 ára - 5 börn
- 3 ára - 6 börn
- 4 ára - 7 börn
- 5 ára - 8 börn

Hringt verður í foreldra, sem óskað er eftir að sækji börn sín hverju sinni, og leitast við að vinna þetta í sem bestu samráði, þ.e. skólinn tekur tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni, en gætir engu að síður fulls jafnræðis. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

SSSS

Starfsmannafélag skrifstofu og skóla Svalbarðsstrandahreppi hélt aðalfund 17. október þar sem ný stjórn var kosin. Aðalheiður Jónsdóttir bauð sig fram en

Kristbjörg Björnsdóttir og Sigurbjörg Jónsdóttir gáfu ekki kost á sér. Í þeirra stað kom Kamila Silwia Ciolko-Borkowska og Bryndís Hafþórsdóttir.

Nýbygging Álfaborgar

Sveitarstjórn hefur samþykkt að byggja nýjan leikskóla og gera útboð á honum snemma árs 2026. Arkitekt hefur lokið teikningum sem og rafvirki. Hugmyndir að innrettingum, hurðum, litavali á vegg og fleira er langt komið og er þetta verkefni á góðri leið. Skólastjórar Álfaborgar og Valsárskóla, sveitarstjóri, umsjónarmaður fasteigna, arkitekt og rafvirki eru teymi sem vinna þetta skemmtilega verkefni saman í þessum fyrstu skrefum.

Mat á skólastarfi

Mat á innra starfi

Á grundvelli laga um leikskóla ber að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Að jafnaði er stuðst við fjölbreyttar leiðir í mati og leitast við að ná fram sjónarmiðum sem flestra í skólasamfélaginu. Gögnin sem innra matið er byggt á eru foreldrasamtöl sem fóru fram í febrúar 2026 og skólapúlsum sem foreldrar og starfsfólk tekur annað hvert ár og var gert í mars 2026. Gerðar voru úrbætur með innra starfið og bættust við skráningar starfsmanna. Þar ber að nefna:

Sjálfsmöt kennara sem flokkað er í 4 möt

1. Horfðu inn á við
2. Samskipti mín
3. Faglegt hlutverk mitt
4. Efling barna

Þessi möt verða tekin 4 sinnum á ári, eitt mat í einu. Með þessu erum við að sjá og lesa úr mötum á eigin fagmennsku og virkni, hvað má bæta og hvað er gott. Fá starfsmenn til að líta inná við og rýna í sjálfan sig. Þessi möt eru tilbúin og munum við byrja að nota þetta skólaárið 2026-2027. Síðastliðið skólaár nýttum við möt sem til voru og tekin við alla starfsmenn.

Niðurstöður komu vel út og það sem bar af í öllum viðtölum var hvað skipulag bæði dag- og stuðnings plön þyrftu að vera í lagi til að allt gangi upp. Allir sammála um að það sé komið í gott lag á öllum deildum. Einnig kom vel hvað

stjórnun á deildum sé góð ásamt skólastjórn og að vinnustaðamenning einkennist af samvinnu, jákvæðni og gleði.

Mat starfsmanna á samverustundum

Haldið verður áfram með mat starfsmanna á samverustundum með börnum sem er staðlaður listi um velgengni í öllum þeim stundum sem starfsmenn eiga með börnum. Þetta mat er lagt fyrir einu sinni yfir skólaárið.

Margt má bæta en flest er í góðum skorðum hjá okkur. Það má alltaf bæta innihald hópastarfs og muna að nýta öll námssviðin yfir vikuna. Sumir starfsmenn minnst á að það mætti vera meiri agi og reglur í forstofu, of mikið ráp og hávaði sem má minnka. Samskipti milli starfsfólks er jákvætt og gott og allir búnir og boðnir að aðstoða á milli deilda. Heildar niðurstaða mjög góð.

Talningarblað hópatíma

Ákveðið var að bæta við í matið talningarblaði fyrir hópatíma til að fylgjast með hvort að verið sé að vinna eftir þeim námssviðum sem koma fram í Aðalnámskrá leikskóla.

Þar sem þetta er alveg ný skráning að þá voru dræmar skráningar og engan vegin marktækar til að vinna úr þeim. Vonum að þetta verði komið í gott stand næsta skólaár.

Undirbúnings skráning

Kennarar skrá einnig hjá sér í hvað undirbúningur fer og fylgst er með hvort markviss vinna fer þar fram ásamt fræðslu og skipulagningu. Leikskólastjóri telur það vera gott fyrir starfsmenn leikskólans að rýna aðeins í hvað tíminn fer og hvort tíminn sé nýttur rétt og vel. Unnið er svo úr þessum skráningum og gerðar úrbætur ef þörf er á.

Skráningar eru af skornum skammti en það er mest verið að vinna í að skipuleggja hópatíma verkefni og deildarstjórar að gera skipulag og pósta til foreldra. Þessi skráning er einnig ný og starfsmenn líklega ekki að muna eftir þessu en vonumst til að þetta verði betra næsta skólaár.

Starfsmannaviðtöl

Fyrirkomulag starfsmannaviðtala breyttust haustið 2025. Nú verða þau fjórum sinnum á ári, þ.e. tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Áherslur viðtala skiptast í fjóra þætti:

- Starfið og starfsánægjan
- Vinnustaðurinn og samskipti
- Frammistöðu
- Framtíðarsýn.

Auk þessa þáttar verður farið yfir fjarveru starfsmanna og fundnar lausnir ef um mörg frávík er að ræða.

Í flestum ef ekki öllum viðtölum er lýst yfir ánægju með breytingar sem urðu haustið 2025 með skipulag deilda og starfsemi innan skólans. Deildarstjórar með sín hlutverk á hreinu og starfsmenn voru tilbúnir að leggja mikið á sig við allar þær breytingar sem urðu. Öllum líður vel í vinnunni og eru spennt að mæta til vinnu hvern dag, þar séu engir tveir dagar eru eins.

Foreldrasamtöl

Samtölin voru tekin vikuna 16.-20. febrúar 2026. Almennt voru foreldrar mjög ánægðir með þær breytingar sem hafa átt sér stað í leikskólanum. Þau finna fyrir meiri stöðugleika á deildunum og að börnunum líði vel í leikskólanum. Þeir foreldrar barna sem nýta þjónustu sérkennara og tengilið farsældar eru mjög sáttir með þá þjónustu sem börnin þeirra njóta. Það komu engar ábendingar um eitthvað sem mætti betur fara en allt starfsfólk Álfaborgar er meðvitað um að gera gott betra og finna lausnir hverju sinni ef eitthvað kemur upp.

Skólapúlsinn

Skólapúls foreldra og starfsmanna er lagður fyrir annað hvert ár og í febrúar fór í gang könnun fyrir foreldra og í mars fyrir starfsfólk. Við erum heldur betur ánægð með niðurstöður foreldrapúlsins og er öll okkar góða vinna og breytingar að skila sér. Helstu niðurstöður eru að við erum í flestum þáttum yfir meðaltali landsbyggðarinnar en þar sem við erum undir meðallagi erum við meðvitað um og er í vinnslu að laga. Eitt af því sem er ábótavant er aðstaða skólans og það er í vinnslu að koma í framkvæmd nýrri byggingu. Hér koma helstu niðurstöður.

Matsþættir 1↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	33,3%	7/21	16,1%	14,8%	786/5366	18,5%*
5.2. Hlutfall sérfræðiþjónustu	26,9%	7/26	2,8%	9,2%	531/5782	17,7%*

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

Matspættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	-	-	-	-	-	-
4.2. Flutningur milli skólastiga	100,0%	8	-	91,1%	1031 _{/1182}	8,9%
4.3. Flutningur milli deilda	100,0%	19	15,4%	93,3%	2874 _{/3082}	6,7%

1. Daglegt leikskólastarf

Matspættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	91,7%	22 _{/24}	12,4%	94,0%	5595 _{/5942}	-2,3%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	100,0%	25	16,7%	95,5%	5838 _{/6094}	4,5%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	17	21,1%	95,5%	3660 _{/3834}	4,5%
1.4. Sérþarfir í mataræði	19,2%	5 _{/26}	-4,9%	12,7%	797 _{/6242}	6,5%
1.5. Holt mataræði	96,2%	25 _{/26}	-3,8%	92,8%	5677 _{/6107}	3,4%
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	83,3%	20 _{/24}	0,0%	91,5%	5810 _{/6344}	-8,2%

2. Námsumhverfi

Matspættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	100,0%	18	27,3%	89,8%	3623 _{/4096}	10,2%
2.2. Aðstaða	91,3%	21 _{/23}	8,0%	93,3%	4745 _{/5068}	-2,0%
2.3. Félagaleg samskipti	100,0%	21	4,0%	95,0%	4634 _{/4864}	5,0%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	95,2%	20 _{/21}	3,9%	97,5%	4071 _{/4171}	-2,3%

3. Samskipti við foreldra

Matspættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	100,0%	21	28,0%	80,9%	4200 _{/5157}	19,1%*
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	84,6%	22 _{/26}	23,9%	83,8%	4829 _{/5736}	0,8%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	92,3%	24 _{/26}	-0,6%	95,0%	5507 _{/5790}	-2,7%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	82,6%	19 _{/23}	9,5%	82,3%	4302 _{/5214}	0,3%
3.5. Tímasetning viðburða	96,0%	24 _{/25}	3,4%	89,2%	4950 _{/5544}	6,8%
3.6. Heimasiða leikskólans	95,8%	23 _{/24}	3,5%	85,3%	3833 _{/4447}	10,5%
3.7. Leikskólasmáforrit	96,2%	25 _{/26}	17,6%	86,9%	5044 _{/5793}	9,3%

Þær tölur sem eru merktar * þýðir að þá er skólinn tölulega marktækur okkur í hag miðað við landsbyggðina og hún er græn.

Hér er hægt að skoða ítarlegri niðurstöðurnar.

Verkáætlun

Viðfangsefni	2026-2027	2026-2027	2027-2028	2029-2030
Stjórnun				
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	X	X	X	x
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X	x
Stjórnun og daglegur rekstur	x	X	X	x
Leikskólaþróun og símenntun	X	X	X	x
Uppeldis og menntastarf				
Skipulag náms og námssaðstæður	X		X	
Uppeldi, menntun og starfshættir		X		x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þáttaka barnanna	X		X	
Námssvið leikskólans		X		x
Leikskóli án aðgreiningar				
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X		x
Velferð og líðan barnanna	X		X	x
Hlutverk leikskólakennara	X	X	X	x
Fagmennska starfsfólks	X	X	X	x
Starfsánægja	X	X	X	x
Sjálfsmat kennara	X	X	X	x
Foreldrasamstarf				
Upplýsingamiðlun		X		x
Skólapúls		X		x
Viðhorf foreldra	x		X	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	X		X	
Gagnasöfnun og vinnubrögð	X	X	X	x
Áhorf		X		x
Opinber birting og umbætur	X	X	X	x
Ytra mat				
		X		x

Starfsáætlun skólaársins 2025-2026

Skólanum ber að gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalald hvers leikskóla. Starfsáætlun þessa árs var staðfest á fundi skólaráðs 2. október og í skólanefnd 15. október 2025. Hér má skoða námsskránna.

Skóladagatal

Öll heimili geta nálgast skóladagatal á vefsíðu skólans í júní ár hvert. Hér má skoða skóladagatal fyrir 2025-2026 og hér fyrir 2026-2027

Skipulagsdagar skólaárs 2025-2026 voru fimm talsins. Á haustmisseri 2025 11.ágúst, 17.október, vormisseri 5.janúar, 16.Febrúar og 15.Maí. Styttingu vinnuvikunnar er safnað upp og tekið út 29. og 30.des, 2.pjanúar, 30. og 31.mars og 1.apríl 2026.

Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins 2025-2026

Auk skóladagatal er mánaðarskipulag hvers mánaðar fyrir sig birt á heimasíðu og útprentað í forstofum. Þar koma fram allir uppbrotsdagar.

Viðburðir skólaárið 2025-2026

2025

- 9. ágúst Leikskólinn opnar eftir sumarfrí
- 15. ágúst Skipulagsdagur
- 1. september Krummavígsla
- 5. september Dagur læsis
- 12. september Haust gönguferð
- 16. september Kynningarfundur fyrir foreldra
- 19. september Þemadagur
- 26. september Drullukökudagur
- 5. október Ömmu og afa kaffi
- 12. október Kósý fatadagur
- 19. október Skipulagsdagur
- 31. október Hrekkjavaka
- 12. nóvember Bókabíó
- 16. nóvember Þjóðhátíðardagur Póllands
- 16. nóvember Dagur íslenskrar tungu
- 26. nóvember Sjóráningjadagur
- 1. desember Kveikt á jólatrénu, Fullveldisdagur Íslands
- 12. desember Jólagleði á Hreiðri
- 15. desember Jólagarðurinn

2026

- 5. janúar Skipulagsdagur
- 9. janúar Dótadagur

18. janúar Vasaljósadagur
23. janúar Bóndadagur
30. janúar Blær 4ra ára 1.feb
6. febrúar Foreldrakaffi
11. febrúar 112 dagurinn
16. febrúar Skipulagsdagur
18. febrúar Öskudagur
6. mars Rugluhársdagur
14. mars Álfaborg 33 ára
20. mars Dekurdagur
2. apríl Skírdagur
3. apríl Föstudagurinn langi
5. apríl Páskadagur
6. apríl Annar í páskum
23. apríl Sumardagurinn fyrsti
1. maí Verkalýðsdagurinn
10. maí Mæðradagurinn
14. maí Uppstigningardagur
24. maí Hvítasunnudagur
25. maí Annar í Hvítasunnu
7. júní Sjómannadagurinn
17. júní Þjóðhátíðardagur Íslendinga
6. júlí Leikskólinn fer í sumarfrí

Próunarstarf og símenntun

Ábyrgð á símenntun kennara er á hendi skólastjóra og tekið er mið af áherslum skólastarfsins. Þau námskeið sem starfsmenn hafa tekið á skólaárinu eru eftirtalin:

- ART
- Tras
- Efi
- Kláruðum samskiptasáttmálann
- Íslensku sem annað tungumál fyrir leikskólastarfið
- Barnaheill, námskeið fyrir fagfólk, BOFS

- Farsæld barna, farsældar myndbönd

Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt. Foreldrar bera þó alltaf frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Hins vegar ber leikskólanum að veita foreldrum stuðning við uppeldið. Velferð barna er leiðarljós laga um leikskóla, auk barnasáttmálans, og með það í huga ber skólastjóra að stuðla að samstarfi foreldra og kennara leikskóla. Í foreldrasamstarfinu veга dagleg samskipt þyngst.

Allir viðburðir eru auglýstir sérstaklega á mánaðarskipulagi leikskólans sem birt er á heimsíðu skólans, sent í tölvupósti til foreldra og hengt upp í forstofu leikskólans. Einnig eru áminningar sendar í tölvupósti. Matseðill er settur mánaðarlega á heimasíðu skólans og á Karellen. Þá fá foreldrar reglulega pósta frá deildarstjórum um framvindu starfsins á deildinni. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styður við leikskólastarfið með fjölbreyttum hætti. Sameiginlegt skólaráð Álfaborgar/Valsárskóla er einnig starfandi samkvæmt lögum en það hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í starfinu.

Fyrsta viðtal

Allir nýir foreldrar eiga samtali við deildarstjóra, og eftir atvikum skólastjóra, í aðlögunar viku barnsins þar sem stefna og vinnubrögð skólans eru kynnt, farið yfir helstu áherslur í starfinu og annað sem foreldrar óska eftir að fá upplýsingar um. Í fyrsta formlega samtali foreldra við deildarstjóra er starf deildarinnar kynnt og farið yfir áherslur og spurningum svarað. Samningur um leikskóladvöl barnsins er svo undirritaður ásamt fleiri gögnum sem foreldrar fá afhent og til undirritunar.

Kynningarfundur fyrir foreldra

Einn kynningarfundur var 3. október. Mæting var mjög góð en foreldrar frá 13 heimilum mættu sem er um 52%. Eftir stutta kynningu á Uppbyggingarstefnunni, tengilið farsældar, farsældarlögunum og sérkennara var heimasíða skólans sýnd og helstu skjöl sem foreldra þurfa að skoða t.d.

matseðill, mánaðardagatal og foreldrahandbókin. Hópstjórar sögðu aðeins frá áherslum hópstarfsins fyrir veturinn. Góðar umræður spunnust í lokin.

Foreldrasamtöl

Boðið var upp á formleg foreldrasamtöl einu sinni yfir skólaárið og tilgangur samtalanna er að ræða framvindu í þroska og um líðan barnsins. Auk þessa samtals geta foreldrar og kennarar óskað eftir fundi ef þurfa þykir. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti. Þetta árið voru samtöl vikunna 16.-20.febrúar 2026.

Foreldrafélag

Í Álfaborg er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru:

- að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla
- að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld
- að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans
- að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans
- að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k einu sinni á ári.

Foreldrafélagið hefur m.a. annast sveitaferð um sauðburð, jólaföndur, jólaball, tiltektardag foreldra á vorin og fleiri tilfallandi upptökur, t.d leiksýningu fyrir börnin eða námskeið fyrir foreldra. Aðalfundur foreldrafélgagsins var haldinn þriðjudaginn 16.september 2025 og mættu foreldrar frá 9 börnum og þar af voru 3 starfsmenn. Farið var yfir stöðu reikninga, vinnu félagsins og auglýst eftir foreldrum í félagið. Rakel Þorgilsdóttir hætti sem formaður félagsins vegna búferla en við henni tók Margrét Jóhannsdóttir. Sandra Aðalsteins baðst lausnar og það var samþykkt.

Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2025-2026

- Margrét Jóhannsdóttir formaður.
- Andri Már Þórhallsson, gjaldkeri.
- Heiðís Lóa Ben Pálsdóttir, ritari.
- Maríanna Lind Garðarsdóttir, varamaður.
- Hrönn Dís Ástþórsdóttir, varamaður.

Samstarf leik- og grunnskóla

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið hjá okkur í Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast á milli skólastiga og að auka samvinnu kennara á milli skólanna. Samþættingin felst í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum (Krummar) eru einn dag í viku í grunnskólanum með 1. og 2. bekk og fara í kennslustundir þar t.d. íþróttir, tónlist, handmennt og bekkjarkennslu. Í vetur voru miðvikudagar skóladagar en sú breyting varð vegna fjölda nemanda í skólanum að ekki var hægt að borða morgun- og hádegismat með 1.bekk. Það tókst þó í nokkur skipti að borða með þeim morgunmat og það vakti mikla lukku.

Einnig fara Krummar í útiskóla með 1. og 2. bekk í Valsárskóla aðra hverja viku og gera ýmislegt skemmtilegt saman úti í náttúrunni. Það má segja að samstarf sem þetta sé einstakt, lærdómsríkt og er þannig hluti af sérstöðu skólanna.

Nefndir um málefni Álfaborgar/Valsárskóla

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar og Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn áheyrnarfulltrúi kennara frá hvoru skólastigi, þ.e. leik- og grunnskóla og einn til vara hvoru megin. Áheyrnarfulltrúarnir eru kosnir til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru einnig tveir þ.e. fulltrúi foreldra leikskólans og fulltrúi foreldra grunnskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar í skólanefnd 2025-2026

- Hanna Sigurjónsdóttir, formaður
- Vilhjálmur Rósantsson
- Árný Þóra Ágústsdóttir
- Starfsmenn nefndarinnar eru:
- Guðrún Hallfríður Björnsdóttir leikskólastjóri Álfaborgar
- María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla
- Áheyrnarfulltrúar foreldra frá Álfaborg
- Alma Sigríður Þórólfsdóttir
- Jóhanna Guðmundsdóttir, til vara
- Áheyrnarfulltrúar foreldra Valsárskóla

- Valdís Anna Jónsdóttir
- Arnar Pór Björnsson, til vara
- Áheyrnafulltrúi leikskólakennara frá Álfaborg
- Sigríður Guðmundsdóttir, deildarstjóri á Rjóðri
- Sigurbjörg Ósk Jónsdóttir, til vara
- Áheyrnafulltrúar kennara frá Valsárskól
- Kennarar mæta til skiptis

Skólaráð

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Álfaborgar og Valsárskóla.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90, 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldra-/skólaráðs sé að gefa umsagnir til leik- og grunnskóla, auk skólanefndar. Skólaráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár sbr. 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leik- og grunnskólastarfi.

Fulltrúar í skólaráði 2025-2026

- María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Valsárskóla og til vara Sigrún Rósa Kjartansdóttir
- Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, skólastjóri Álfaborgar og til vara Bryndís Hafpórsdóttir
- Harpa Helgadóttir, fulltrúi kennara í Valsárskóla og Guðfinna Steingrímsdóttir varamaður
- Jakob Björnsson, fulltrúi foreldra í Valsárskóla og varamaður er Anna Louise Júlíusdóttir
- Kamila Sylwia Ciolko-Borkowska, fulltrúi kennara í Álfaborg og Íris Axelsdóttir varamaður
- Margrét Dögg Sigurðardóttir og Lilja Jakobsdóttir, fulltrúi nemenda og Eyrún Dröfn Gísladóttir til vara

- Sandra Aðalsteinsdóttir, fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hennar er Eva Sandra Bentsdóttir
- Sigrún Alda Mikaelisdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Öryggisnefnd

Sameiginleg öryggisnefnd er fyrir Álfaborg og Valsárskóla. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um og útbúa áætlun, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir. Öryggis yfirferð á garði, er á höndum kennara og opinber úttektaraðili kom í árlega skoðun á garði og leiktækjum. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar og brást húsvörður við og leysti úr því.

Verkefni öryggisnefndar eru:

Úttekt á leiktækjum og skólalóð

Skipuleggja rýmingaræfingar og viðhalda fræðslu við nemendur

Rýmingaræfing

Tvær rýmingaræfingar voru haldnar á skólaárinu, önnur undirbúin og hin óundirbúin. Þær gengu báðar vel. Rýmingartími okkar var rétt innan innan við 3 mín sem er í takt við fyrri æfingar. Svo skemmtilega vildi til að kerfið fór í gang án allra vitundar í janúar sl. Í ljós kom að viðgerðir í Valsárskóla höfðu áhrif á kerfið. Börnin vissu nákvæmlega hvað var að gerast og öll börn fóru í sín hlutverk og allt gekk vel. Þetta segir okkur að þessar tvær æfingar á ári og spjall um brunavarnir, kerfið og fleira er að skila sér til þeirra.

Fulltrúar öryggisnefndar

Bryndís Hafþórsdóttir (Álfaborg) öryggistrúnaðarmaður

Helgi Viðar Tryggvason (Valsárskóli) öryggistrúnaðarmaður

María Aðalsteinsdóttir (Valsárskóli) öryggisvörður

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir (Álfaborg) öryggisvörður

Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna, öryggisstjóri

Húsnæði

Í sumarlokun 2025 var skólinn þrífur extra vel, veggir, húsgögn, gluggar og fleira. Viðhald var lítið sem ekkert en umsjónarmaður fasteigna sá um viðhald innandyrna. Þetta skólaárið var það einungis smávægilegt eins og laga rafmgnstengla og setja öryggiskróka á glugga. Heilbrigðiseftirlitið kom og tók út skólann og það kom ein smávægileg ábending og fengum við hrós fyrir að allt sem bent var á í fyrra væri

búið að lagfæra. Við fengum flotta og jákvæða skýrslu frá þeim eftir þessa heimsókn. Hurð við aðalinngang fauk upp og skekktist og henni verður skipt út.

Lokaorð

Með nýjum leikskólastjóra verða breyttar áherslur og heildarmyndin tekur á sig nýja mynd. Það er svo mikið jákvætt og gott í Álfaborg og það er sumt sem þarf að bæta eða hagræða. Framtíðin í Álfaborg er björt með flottan hóp af fólki sem er lausnamiðað, jákvætt og samvinnuþýtt. Spennandi tímar framundan.

Með samvinnu, jákvæðni, gleði og trausti gerum við skólann okkar enn flottari og betri en hann er.

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir

Leikskólastjóri Álfaborgar

Maí 2026